



Síldarminjasafn Íslands ses
Snorrágata 15, 580 Siglufjörður, kt. 661006-1530
safn@sild.is – www.sild.is – s. 467 1604

Ársskýrsla Síldarminjasafns Íslands ses. 2013

Rekstur safnsins var með líkum hætti og undanfarin ár. Starfsmannahald tók breytingum þegar Rósa Margrét Húnadóttir lét af störfum og Jón Ragnar Daðason skipasmiður var ráðinn til starfa í átta mánuði. Sex sumarstarfsmenn önnuðust safngæslu og þrif. Anita Elefsen og Örlygur Kristfinnsson stóðu svo vaktina í daglegum rekstri og fjölbreytilegum verkefnum.

Aðsókn að safninu var mjög góð á síðasta ári og skráðir voru 19.845 gestir – og hafa aldrei verið fleiri. Hlutfall erlendra gesta varð 46% eða mun hærra en áður (t.d. 20% árið 2011 og 32% árið 2012). Tvö skemmtiferðaskip komu í sérstaka heimsókn og enn fjölgaði hópum á vegum ferðaskrifstofa. Siglfirsk síldarsöltun fór í fyrsta sinn fram á erlendra grundu er hópur fólks fór á vegum safnsins til Svíþjóðar og sýndi á samnorrænni strandmenningarhátíð í Karlskrona.

Í janúar var samningur við menntamálaráðuneytið endurnýjaður til þriggja ára með undirritun ráðherra og safnstjóra.

Áfram var haldið bryggjasmíði á safnlóð og lokið við göngupallana sem tengja öll safnhúsin. Verkinu stýrði stýrði Jón Ragnar Daðason og vann hann einnig að endurbótum í Slippnum og fór langt með viðgerð á lítilli trillu, mótorbát, frá 1969. Á haustdögum unnu starfsmenn Raffó að ljósabúnaði sem lýsir nú upp bryggjupallana og safnhúsin.

Unnið var að viðgerð á vesturhlið Hlíðarhúss, veggir endursmíðaðir og nýir gluggar í upprunalegri mynd settir í. Verkið var í höndum trésmíða frá Berg ehf.

Teikningar að Salthúsinu svokallaða, nýju geymslu- og sýningarhúsi, voru endurunnar og styrkumsóknir sendar til menntamálaráðuneytisins og forsætisráðuneytisins til að hefja byggingaframkvæmdir. Fjallabyggð og Fáum höfðu þá heitið stuðningi við þessi áform.

Í lok árs hófst vinna við nýja og vandaða heimasíðu safnsins og drög voru lögð að hönnun á uppsetningu úðunarkerfis fyrir brunavarnir í Róaldsbrakka.

Jónsmessuhátíð Síldarminjasafnsins var haldin í sjöunda sinn og var tileinkuð minningu Gústa guðsmanns og tónlist Gylfa Ægissonar. Hafin var sýning á stuttri kynningarkvikmynd um Gústa í Batahúsinu og hljómsveitin Stúlli og stúararnir ásamt sönghópnum Gómum flutti fjölmörg sönglög Gylfa. Hátíðin tókst með ágætum en ákveðið var að hún yrði sú síðasta.

Skráning safngripa í Sarp lá niðri á árinu sökum þess að fagstjóri lét af störfum.

Rekstur safnsins gekk vel fjárhagslega og skilaði tæplega 1840 þús. króna hagnaði eins og fram kemur í ársreikningi. Bankaskuld safnsins vegna framkvæmda síðasta árs lækkaði að sama skapi.

Siglufirði, 17. mars 2014

Örlygur Kristfinnsson safnstjóri

